

Stjórnarfundur Beint frá býli, 5.nóvember 2012 haldinn í Hvíta bænum við Borgarnes kl. 13:00

Úr aðalstjórn eru mættir Guðmundur Jón Guðmundsson og Marteinn Njálsson. Heidi Laubert Andersen boðar forföll og mætir Jóhanna B Þorvaldsdóttir úr varastjórn á fund. Á fundi er einnig Hlédís Sveinsdóttir.

Liður 1

Málefni Matarsmiðju Vesturlands og IPA umsókn.

Inn á fundinn koma Ólafur Sveinsson og Einar Þorvaldur Eyjólfsson frá SSV, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.

SSV, Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa unnið að IPA (Instrument for Pre-Accession Assistance) umsókn frá ESB sem er tæknilegur og fjárhagslegur stuðningur frá ESB til ýmissa verkefna á Íslandi í tengslum við aðildarumsókn Íslands í ESB. Til ráðstöfunar eru 8,3 milljónir Evra sem verður deilt í 20 verkefni um allt land árið 2013. Verkefni eru á sviði atvinnuþróunar og byggðamála (flokkur I) og velferðar- og vinnumarkaðsmála (flokkur II). Fyrirhugað verkefni á Vesturlandi í flokki I er Matarsmiðja Vesturlands sem yrði staðsett á Hvanneyri. Leitað er eftir aðilum til að tengjast umsókninni. Stjórn samþykkir að taka þátt í umsókninni sem „tengdur aðili“.

Liður 2.

Sölugátt á vefnum. Starfsemi vefsins litlubudirnar.is hefur ekki gengið eins vel og vonir stóðu til. Búið er að leggja vinnu í að bæta vefinn og ljóst að þessi sölugátt þarfnast frekari vinnu.

Liður 3.

Jólamarkaður í desember í samstarfi við verslunina Búrið í Reykjavík. Hlédís segir frá fyrirhuguðum markaði og skipulagi hans. Stjórn samþykkir að styrkja markaðinn um kr. 300.000.-

Liður 4.

Samstarf við Matís um umsókn um IPA styrk í flokknum „Velferðar- og vinnumarkaðsmál“. Samþykkt að vera aðilar að þeirri umsókn ef af verður.

Liður 5.

Kynning á ráðgjafarfyrirtækinu Brúarsmiðjunni sem sérhæfir sig í ráðgjöf til fyrirtækja í ferðaþjónustu og skapandi greinum.

Liður 6.

Kynning á starfsemi og útgáfu auglýsingafyrirtækisins SAGAZ.

Liður 7.

Húsnæði á Skólavörustíg sem væri í boði gegn vægu endurgjaldi fyrir Beint frá býli fram að jólum.

Liður 8.

Fjármál BFB. Þar sem Heidi gjaldkeri forfallaðist þá fellur þessi liður niður.

Liður 9.

Aðalfundur BFB 2013. Samþykkt að leitast eftir að halda fundinn í Dæli í Víðidal í mars.

Liður 10.

Önnur mál. Hlédís kynnir hugmynd að búa til „like“ síðu á Facebook og láta núverandi hópsíðu þar renna þar inn. Guðmundur Jón kynnir afslátt til félagsmanna á flutningum hjá Landflutningum og einnig samninga um afslátt hjá Íslandspósti.

Fundi slitið kl. 18:00

Marteinn ritaði fundargerð.